

1612046



Flugbjörgunarsveitin Helli

Air Ground Rescue Organization

Helli, 18. desember 2016

Umsókn um styrk vegna endurnýjunar á sérhæfðum björgunarsveitarbíl til að flytja sjúkling úr fjallendi:

Flugbjörgunarsveitinni á Helli stendur nú á þeim tímamótum að þurfa að endurnýja sérútbúinn sjúkrabíl sveitarinnar sem nýst hefur vel í fjallendi og erfiðum aðstæðum. Núverandi bifreið Ford Econline sem þjónað hefur sem slík síðustu 20 ár er árgerð 1993 og er því kominn til ára sinna.

Það stendur til að kaupa Chevrolet Express árg. 2016 frá Bandaríkjunum og sérhanna hann til að nýtast í erfiðustu aðstæðum við leit og björgun og á flutningi slasaðra úr óbyggðum. Fjöldi útkalla á okkar svæði nr. 16 hefur aukist gríðarlega síðustu ár, ekki síst vegna aukins fjölda ferðamanna, innlendra sem erlendra. Svæði 16 sem við störfum á liggur frá Þjórsá í vestri að Lómagnúp í austri og norður á mitt hálandi. Flugbjörgunarsveitin á Helli hefur verið eina björgunarsveitin á svæðinu með bíl af þessu tagi til umráða og er megin áhersla lögð á að „fjallasjúkrabíllinn“ sé ávallt tilbúinn til flutnings slasaðra og búinn nýjasta búnaði til bráðahjálpar. Með bílnum fara sérþjálfaðir félagar úr sjúkraflokki sveitarinnar, og en margir þeirra hafa sérhæft sig í fyrstu hjálp í óbyggðum.

Félagar sveitarinnar þurfa að sinna fjölda fjáraflana vegna starfsins á hverju ári. Við stærri verkefni, á borð við það sem hér um ræðir, þarf þó aukið fjármagn að koma til. Því leitum við nú til þín/ykkar til að aðstoða okkur við kaup og breytingar á bílnum.

Við værum afar þakklát ef ykkar fyrirtæki/félagasamtök sæju sér fært um að styrkja þetta mikilvæga verkefni á einhvern hátt á næstu mánuðum en margt smátt gerir eitt stórt. Áætlað er að heildarkostnaður við kaup og breytingar á bílnum verði um 25 milljónir er því öll aðstoð vel þegin.

Ef þið viljið fá nánari upplýsingar vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

f.h. Flugbjörgunarsveitarinnar á Helli

Margrét Yrr Sigurgeirsdóttir

Margrét Yrr Sigurgeirsdóttir, formaður

netfang: margret@rang.is

s. 861-0484

